



NORDURÁ

Norðurá bs | Sorpsamlag | Stekkjarvík | 540 Blönduósi | Kt:5602060620 | Sími 4066111 : 8456111 | stekkjarvik.is



**Fundargerð.**  
**Stjórnarfundur nr. 92.**

Stjórnarfundur Norðurár bs., haldinn í Stekkjarvík 11. september 2019, kl 16:00. Á fundinum voru stjórnarmennir Magnús B. Jónsson, Einar E. Einarsson, Sveinn F. Úlfarsson og Snorri Finnlaugsson áheyrnarfulltrúi. Einnig sat fundinn Fannar Viggósson starfsmaður Norðurár bs. ásamt því að Smári Guðfinsson frá Verkfræðistofunni Eflu sat fundinn undir lið 2.

**Dagskrá**

1. Verkaskipting stjórnar
2. Fundargerð síðasta fundar
3. Gassöfnun, nýting og/eða eyðing á gasi frá urðunarstaðnum
4. Staða á ferli umsóknar um nýtt starfsleyfi
5. Viðauki við samning um leiguland fyrir urðunarstaðinn
6. Skýrsla um fornleifarannsókn
7. Staða og horfur í daglegum rekstri urðunarstaðarins
8. Erindi frá SI vegna urðunar frá PCC á Bakka dags. 9.09.2019
9. Úttekt UST 2. maí 2019
  - a. Eftirlitsskýrsla dags. 31.07.2019
  - b. Bréf til UST dags. 9.09.2019
10. Bréf frá Sveitarfélaginu Skagabyggð
11. Önnur mál

**1. Verkaskipting stjórnar**

Samþykkt tillaga um að Magnús B. Jónsson yrði formaður stjórnar, Einar E. Einarsson ritari og Sveinn Úlfarsson meðstjórnandi.

**2. Fundargerð síðasta fundar**

Samþykkt formlega og athugasemdalaust fundargerð stjórnar nr. 91 frá 27. maí 2019.

**3. Gassöfnun, nýting og/eða eyðing á gasi frá urðunarstaðnum.**

Smári Guðfinnsson frá Verkfræðistofunni Eflu fór yfir ýmis mál sem lúta að núverandi gaseyðingu úr þeim hluta urðunarhólfssins sem búið er að fylla upp í. Unnið er að endurbótum í samráði við framleiðendur tækjanna á rafrænni mánaðarlegri skráningu á því



gasmagni sem brennt er. Jafnframt fór hann yfir þá valkosti sem helst koma til greina til að nýta betur það gas sem til fellur en þeir eru helstir:

- a) Rafokru og varmavinnsla í brunvél
- b) Eiming á sigvatni.
- c) Hitagjafi við brennslu á t.d. lífrænum úrgangi.

Ákveðið að fela Smára að afla enn frekari gagna og upplýsinga um kostnað við að nýta gasið til orkuframleiðslu (raforku og varmavinnsla), og til brennslu á lífrænum úrgangi s.s. dýrahræjum og sláturúrgangi.

#### **4. Staða á ferli umsóknar um nýtt starfsleyfi**

Fyrir fundinum liggar minnisblað frá Eflu Verkfræðistofu dagsett 6. september um gang mála í umsóknarferli um auknar hámarksheimildir til móttöku á úrgangi.

Í minnisblaðinu kemur fram að nokkuð ljóst er að umrætt umsóknarferlið sem þarf bæði að fara í gegnum skoðun Skipulagsstofunar og síðan Umhverfisstofnunar með tilheyrandi umsagnar- og auglýsingferlum klárást ekki á þessu ári. Því var samþykkt að sækja um undanþágu til umhverfisráðherra vegna umframsorpagns frá gildandi starfsleyfi fyrir árið 2019. Útlit er fyrir að urðað magn í Stekkjarvík í ár verði að minnsta kosti 24.000 tonn.

#### **5. Viðauki við samning um leiguland fyrir urðunnarstaðinn.**

Fyrir liggur minnisblað frá Eflu dagsett 27. ágúst 2019 þar sem gerð er grein fyrir því magni af jarðefnum sem áætlað er að koma fyrir á landinu sem ætlunin er að leigja til viðbótar. Einnig er sýnt á mynd hvernig ásýnd landsins muni verða þar sem gert er ráð fyrir jarðvegsmön sem áætlað er að komi sunnan við núverandi aðkomuveg að urðunaráhlífi.

. Tillaga að landmótun var unnin í samráði við landeigendur. Í minnisblaði og uppdráttum kemur fram að ganga þurfi frá uppgraftarefnii og reiknað með að til þess þurfi 11,8 hektara land til viðbótar því leigulandi sem Norðurá bs. hefur nú þegar.

Einnig voru kynnt drög að viðauka 3 við núverandi leigusamning en áður hafa farið fram fundir með landeigendum um samninginn. Einnig liggja fyrir fundinum tvö lóðarblöð þar sem annað sýnir viðbótarlandið og hitt svæðið í heild. Stjórn samþykktir samhljóða samningsdrögin fyrir sitt leiti og felur Magnúsi að ganga frá undirritun og afstöðumyndum með formlegum hætti.

#### **6. Skýrsla um fornleifarannsókn.**

Kynnt skýrsla Fornleifarannsóknarstofunnar ehf um rannsóknir á hugsanlegum fornleifum á því svæði sem áætlað er til varðveislu á uppgraftarefnis. Niðurstaða vettvangsrannsóknarinnar er sú að meintar tóftir og garðlög skiluðu engum mannvistarleifum né mannvirkjum, flestar prufuholurnar



benda til mikils áfoks á svæðinu. Hinsvegar fannst í einni þústinni stök varða sem lá tæpan meter frá Sleipugötu og hefur nær örugglega varðað götuna sem lá frá Sölvabakka að Stekkjarvík. Hinar meintu rústir höfðu á sér yfirbragð mannvirkja, en við rannsókn kom í ljós að svo var ekki, nema varðan við Sleipugötu.

## 7. Staða og horfur í daglegum rekstri urðunarstaðarins.

Fannar lagði fram tölur um það magn sem búið er að urða það sem af er ári og flokkun þess. Til samanburðar við árið 2018 stefnir í að magnið í ár verði um 24.000 tonn með því magni sem samið var um tímabundið af Suðurlandinu. Heildarmagn frá heimilum og fyrtækjum virðist standa nokkuð í stað milli áranna. Í aukningunni er það því fyrst og fremst viðbótarmagn frá Bakka af Ketilryki sem telur ásamt sorpmagninu sem samið var um frá Suðurlandi. Einnig gerði Fannar grein fyrir því að hann hefði að beiðni UST grafið niður sýntökubrunn neðan við hreinsivirkið en grunnvatnsbrunnur hefur verið þurr. Hann fann grunnvatn á 6 metra dýpi sem verður notað til sýnatöku. Annars er rekstur og mannahald staðarins samkvæmt áætlun.

## 8. Erindi frá SI vegna urðunar frá PCC á Bakka dags. 9.09.2019

Fyrir liggur bréf frá Samtökum Iðnaðarins þar sem þau kvarta um fyrir hönd PCC á Bakka um að það kolaryk og ketilsalli sem samþykkt var að taka við frá þeim væri sett í flokk 19 01 16 í stað flokk blandaðs úrgangs sem er númer 20 03 07. Fyrir liggur að forstöðumaður gerði umboðsaðila PCC á bakka grein fyrir því í tölvupósti að umræddur úrgangur færi í umræddan flokk áður en hann kom. Ekkert á því að vera óljóst í þessum eftirfarandi koma á óvart. Til viðbótar má nefna að efnið rykaðist mjög upp við frágang á staðnum. Stjórn samþykkir að umræddur úrgangur verði í þeim flokki sem hann er talinn tilheyra þ.e.a.s. 19 01 16. Magnúsi falið að svara bréfi SÍ.

## 9. Úttekt UST 2. maí 2019

### a) Eftirlitsskýrsla dagsett 31.07.2019

Þann 2. maí 2019 var framkvæmt reglubundið eftirlit á urðunarstaðnum af Umhverfisstofnun. Bréf með niðurstöðum barst stjórn síðan í byrjun ágúst, dagsett 31. júlí. Í bréfinu eru skráð 6 frávik og beðið var um tímasetta áætlun um úrbætur á liðum 2-5 fyrir 15. ágúst en úrbætur á lið 1 og 6 var lokið strax í maí við skilum á grænu bókhaldi sem barst UST nokkrum dögum of seint. Ekkert af þessum sex frávikum getur talist alvarlegt eða hættulegt frávik. Við móttöku bréfsins var strax óskað eftir fresti til 15. september til að svara vegna meðal annars sumarleyfa. Ekki hefur enn borist svar við því erindi.



b) Bréf til UST dagsett 9.09.2019

Fyrir liggja drög að bréfi til UST um úrbætur og framkvæmd á þeim atriðum sem talinn voru upp í lið 2-5. Úrbótum er lokið á öllum liðum eða eru samkvæmt reglubundnum verkferlum um sýnatökur. Magnúsi falið að senda bréfið.

**10. Bréf frá Skagabyggð vegna ágangs fugla á nokkrum bæjum.**

Í bréfinu kemur fram að hluti bænda í Skagabyggð telji sig hafa orðið fyrir tjóni af völdum fugla sem þeir vilja meina að hafi fjöldað með tilkomu urðunarstaðarins. Í bréfinu er óskað eftir upplýsingum um aðgerðir sem í gangi eru í Stekkjarvík til að stemma stigu við útbreiðslu þeirra. Fannar gerði stjórn grein fyrir því sem gert hefur verið til að stemma stigu við fjölgun fugla í Stekkjarvík. Frá 2015 hefur verið sérstakur veiðimaður til að fækka þeim og liggja fyrir tölur um þann veiðiskap. Einnig hefur verið prófað að nota ýmsar gerðir fuglafæla með hljóðum og fuglahræður sem spretta upp. Fuglinn virðist læra fljótt á þess háttar fælur. Lögð hefur verið áhersla á að setja alltaf gott lag af jarðefni yfir allt sem verið er að urða við frágang að kveldi þannig að fuglinn hafi ekki í neitt að sækja. Magnúsi falið að svara erindinu og Fannari falið að skoða hvort einhverjar leiðir séu aðrar til en þegar hafa verið prófaðar til að fæla fuglinn frá.

**11. Önnur mál**

Fannar kynnti kaup á L-200 bíl fyrir Norðurá, ekinn 40.000 km.

Einar E. Einarsson, ritaði fundargerð.

Fundi slitið kl. 18:45

---

Magnús B. Jónsson

---

Einar E Einarsson

---

Sveinn Úlfarsson

---

Snorri Finnlaugsson

---

Fannar Viggósson